

**Athugun á efnainnihaldi jarðhitavatns á
Sauðárkróki**

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-86-07

ATHUGUN Á EFNAINNIHALDI JARÐHITAVATNS Á SAUÐÁRKRÓKI

Sem liður í umsömdu vinnslueftirliti fyrir Hitaveitu Sauðárkróks voru 17. október 1985 tekin sýni af vatni úr vinnsluholum Hitaveitunnar nr. 12 og 13. Niðurstöður efnagreininganna eru í töflunni hér að neðan og til samanburðar eru efnagreiningar á sýnum sem tekin voru úr sömu holum í febrúar 1985.

| Hola nr. | 12 | 12 | 13 | 13 |
|--------------------------|----------|----------|----------|----------|
| Dagsetn. | 85.10.17 | 85.02.06 | 85.10.17 | 85.02.06 |
| Hiti °C | 71,0 | 71,0 | 69,9 | 69,1 |
| pH/°C | 10,02/20 | 9,97/20 | 9,98/20 | 9,99/20 |
| SiO ₂ (mg/kg) | 69,1 | 71,6 | 69,0 | 70,3 |
| Na " | 55,9 | 56,9 | 51,9 | 52,9 |
| K " | 0,9 | 1,0 | 0,9 | 0,9 |
| Ca " | 3,5 | 3,4 | 3,2 | 3,2 |
| Mg " | 0,003 | 0,00 | 0,012 | 0,00 |
| CO ₂ " | 12,7 | 14,8 | 14,3 | 14,7 |
| SO ₄ " | 46,2 | 44,1 | 39,9 | 38,2 |
| H ₂ S " | 0,3 | 0,3 | 0,4 | 0,4 |
| Cl " | 22,7 | 22,0 | 19,3 | 18,3 |
| F " | 1,54 | 1,51 | 1,55 | 1,57 |
| Uppl. efni " | 230 | 227 | 215 | 212 |

Vottur af súrefni (20 ppb (µg)/kg)) mældist í vatni úr holu 13 en var ekki mælt í holu 12. Súrefnið kemst að öllum líkindum inn um holutoppa því frágangur er þannig að slíkt gæti skeð. Engin hættu er hins vegar á tæringu í vatninu því styrkur brennisteinsvetnis er svo hár að súrefnið eyðist í lögnunum.

Engar marktækar breytingar sjást á efnainnihaldi vatnsins á þessu tímabili. Í greinargerð sem send var Hitaveitu Sauðárkróks s.l. sumar var fjallað um gerð og neysluhæfni jarðhitavatnsins og vísast til þeirrar umsagnar.